

Fundargerð 792. fundar

Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2011, föstudaginn 16. desember kl. 12:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Halldór Halldórsson, Dagur B. Eggertsson, Hanna Birna Kristjánsdóttir, Óttarr Ólafur Proppé, Gunnar Einarsson, Elín R. Líndal, Eiríkur Björn Björgvinsson, Gunnlaugur Stefánsson, Aldís Hafsteinsdóttir og Bjarni Harðarson í forföllum Jórunnar Einarasdóttur. Guðríður Arnardóttir boðaði forföll en varamaður hennar hafði ekki tök á að sitja fundinn.

Að auki sátu fundinn Karl Björnsson framkvæmdastjóri og sviðsstjórnarnir Anna Guðrún Björnsdóttir, Guðjón Bragason, Gunnlaugur Júlíusson, Inga Rún Ólafsdóttir og Magnús Karel Hannesson, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerð 791. fundar - 1101002SA

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 791. fundar frá 25. nóvember 2011.

Fundargerðin staðfest og undirrituð.

2. Handbók um NPA - notendastýrða persónulega aðstoð - 1103001SA

Á fundinn kom Gyða Hjartardóttir, félagsþjónustufulltrúi sambandsins, og gerði grein fyrir drögum að handbók um notendastýrða persónulega aðstoð, sbr. 11. tölulið fundargerðar 791. fundar frá 25. nóvember 2011, og svaraði fyrirspurnum og athugasemdum stjórnarmanna.

Dagur B. Eggertsson kom til fundar kl. 12:25.

3. Skipun í stjórn Innheimtustofnunar sveitarfélaga - 1110011SA

Lagt fram að nýju bréf Innheimtustofnunar sveitarfélaga, dags. 3. október 2011, sbr. 8. tölulið fundargerðar 791. fundar frá 25. nóvember 2011, þar sem óskað er eftir skipun stjórnar sambandsins á tveimur aðalmönnum og tveimur varamönnum í stjórn Innheimtustofnunar, ásamt tveimur endurskoðendum og tveimur til vara.

Jafnframt lagt fram minnisblað framkvæmdastjóra sambandsins, dags. 13. desember 2011, með tillögu um aðalmenn og varamenn í stjórn Innheimtustofnunar og aðal- og varaendurskoðendur stofnunarinnar.

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga skipar Sigurð Pétursson, bæjarfulltrúa í Ísafjarðarbæ, og Adolf Berndsen, oddvita Sveitarfélagsins Skagastrandar, í stjórn Innheimtustofnunar sveitarfélaga frá 1. janúar 2012 til næstu fjögurra ára. Varamenn í sömu röð eru skipaðar Sigrún Árnadóttir, bæjarstjóri í Sandgerðisbæ, og Rannveig H. Ásgeirsdóttir, bæjarfulltrúi í Kópavogsbæ.

Þá voru Rut Haraldsdóttir, framkvæmdastjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs

Vestmannaeyjabæjar, og Stefán Ómar Jónsson, bæjarritari í Mosfellsbæ, skipuð endurskoðendur Innheimtustofnunar sveitarfélaga til fjögurra ára frá og með 1. janúar 2012 að telja. Varamenn þeirra í sömu röð eru skipuð Sólveig B. Gunnarsdóttir, lögfræðingur á kjarasviði sambandsins, og Jóhannes A. Jóhannesson, sérfræðingur á hag- og upplýsingasviði sambandsins.

4. Starfsáætlun 2012 - 1112011SA

Framkvæmdastjóri lagði fram og kynnti drög að starfsáætlun sambandsins fyrir árið 2012, ásamt mati á framgangi áhersluatriða starfsáætlunar 2011.

5. Hagræðingaraðgerðir í rekstri grunnskóla - 0911007SA

Lagt fram bréf mennta- og menningarmálaráðuneytisins, dags. 30. nóvember 2011, um hagræðingaraðgerðir í rekstri grunnskóla. Ráðuneytið áréttar í bréfinu þá afstöðu að áður en tekin verður ákvörðun um hvort ráðast eigi í grundvallarbreytingar á skólakerfinu sé nauðsynlegt að meta hvort ná megi fram breytingum innan núverandi ramma laga og aðalnámskráa sem stuðlað geti að eflingu skólastarfs og hagræðingu í skólakerfinu.

Fram kom í máli einstakra stjórnarmanna megn óánægja með það að mennta- og menningarmálaráðherra skuli ekki hafa séð ástæðu til þess að bregðast við óskum stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga um breytingar á grunnskólalögum, svo sveitarfélögum yrði gert auðveldara að beita hagræðingaraðgerðum í rekstri grunnskóla.

6. Fundargerð skólamálanefndar - 0504189SA

Lögð fram fundargerð 67. fundar skólamálanefndar sambandsins frá 8. nóvember 2011.

Lýst var mikilli ánægju með skólaþing sveitarfélaga, sem haldið var í byrjun nóvember sl. - skipulag þess og framkvæmd - og framkvæmdastjóra falið að færa þakki til þeirra sem undirbjuggu skólaþingið.

7. Fundargerðir verkefnisstjórnar í úrgangsmálum - 0801025SA

Lagðar fram fundargerðir frá 19., 20. og 21. fundi verkefnisstjórnar í úrgangsmálum.

Samþykkt var að taka úrgangsmál til sérstakrar umræðu á næsta stjórnarfundum og fá á fundinn verkefnisstjóra sambandsins í úrgangsmálum og formann verkefnisstjórnar.

8. Breytingar á lífeyrisréttindum - 1112021SA

Lögð fram greinargerð tryggingarstærðfræðings LSS, dags. 13. nóvember 2011, um tryggingarfræðilega stöðu sjóðsins og tillögu um breytingu á samþykktum V-deildar LSS, ásamt samanburði á breytingu réttinda undanfarin ár hjá nokkrum lífeyrissjóðum.

Framkvæmdastjóri gerði nánari grein fyrir þeim gögnum sem lögð voru fram og svaraði fyrirspurnum stjórnarmanna.

9. Til vinnu! - átaksverkefni - 1111003SA

Lögð fram tillaga aðgerðarhóps um vinnumarkaðs- og menntamál vegna framkvæmdar yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar frá 5. maí 2011, ásamt drögum að

yfirlýsingu um aðgerðir til að vinna gegn langtímaatvinnuleysi, þar sem gert er ráð fyrir því að sambandið beiti sér fyrir því að sveitarfélögin skapi a.m.k. helming starfa eða starfstengdra úrræða innan verkefnisins. Aðrir aðilar verkefnisins eru ríkisstjórn Íslands, Reykjavíkurborg, Alþýðusamband Íslands, Samtök atvinnulífsins, BSRB og BHM.

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga samþykkir að formaður sambandsins undirriti yfirlýsingu um aðgerðir til að vinna gegn langtímaatvinnuleysi, en minnir á mikilvægi þess að aðgerðir sem þessar gagnist sem flestum við að komast af atvinnuleysisskrá. Í eðli sínu eru aðgerðirnar tímabundnar og því er lögð á það þung áhersla af hálfu stjórnar sambandsins að allt verði gert til þess að hjól atvinnulífsins fari að snúast á eðlilegum hraða þannig að fólk geti fengið atvinnu til lengri tíma litið hjá fyrirtækjum landsins.

10. Samráðsnefnd um málefni fatlaðs fólks - 1103020SA

Lagðar fram til kynningar fundargerðir frá 18. fundi, 19. fundi og 20. fundi samráðsnefndar um málefni fatlaðs fólks.

11. Verkefnisstjórn um notendastýrða persónulega aðstoð - 1103001SA

Lagðar fram til kynningar fundargerðir 15. fundi, 16. fundi, 17. fundi, 18. fundi, 19. fundi, 20. fundi og 21. fundi verkefnisstjórnar um notendastýrða persónulega aðstoð.

12. Sterkari stjórnarsýsla - nám fyrir stjórnendur innan sveitarfélaga - 0911033SA

Lagt fram til kynningar minnisblað mannauðssérfræðings kjarasviðs, dags. 5. desember 2011, um nám fyrir stjórnendur innan sveitarfélaga sem Háskólinn á Bifröst hyggst bjóða upp á í upphafi næsta árs.

13. Efling leikskólastigsins - 1111030SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins, dags. 6. desember 2011, til mennta- og menningarmálaráðuneytisins með tilnefningu í starfshóp vegna aðgerðaráætlunar til að fjölga leikskólakennurum. Tilnefnd eru Björk Ólafsdóttir, verkefnisstjóri og sérfræðingur á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, og Björn Þráinn Þórðarson, fræðslustjóri í Mosfellsbæ.

14. Frumvarp um sjúkratryggingar - 1112018SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins, dags. 9. desember 2011, um frumvarp um breytingu á lögum um sjúkratryggingar, nr. 112/2001 - 359. mál. Einnig lagt fram til kynningar nefndarálit meirihluta velferðarnefndar með breytingartillögu, þingskjal 504.

15. Frumvarp til breytinga á varnarmálalögum og tekjustofnalögum - 1111018

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins, dags. 1. desember 2011, um frumvarp til breytinga á varnarmálalögum, nr. 34/2008 - 203. mál, þar sem lögð er til þrenging á undanþáguákvæði í 21. gr. framangreindra laga um ratsjárstöðvar.

16. Drög að frumvarpi til laga um bókasöfn - 1111026

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins, dags. 21. nóvember 2011, til mennta- og menningarmálaráðuneytisins með athugasemdum um drög að frumvarpi til bókasafnslaga.

17. Frumvarp um breytingu á náttúruverndarlögum - 1012021SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins, dags. 30. nóvember 2011, um frumvarp til breytinga á náttúruverndarlögum - 225. mál.

18. Ný skipulagsreglugerð - 1009006SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins, dags. 6. desember 2011, til umhverfisráðuneytisins með umsögn um drög að skipulagsreglugerð.

19. Endurskoðun stjórnarskrár íslenska lýðveldisins - 1104019SA

Lögð fram umsögn sambandsins, dags. 30. nóvember 2011, um skýrslu forsætisnefndar Alþingis um tillögur stjórnlagaráðs um breytingar á stjórnarskrá - 3. mál og tillögu til þingsályktunar um meðferð frumvarps stjórnlagaráðs til stjórnarskipunarlaganna - 6. mál.

20. Frumvarp um breytingar á grunnskólalögum - 1111014SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins, dags. 29. nóvember 2011, um frumvarp til laga um breytingu á grunnskólalögum - 156. mál, ásamt frumvarpi Einars K. Guðfinnssonar o.fl. um breytingar á grunnskólalögum, þingskj. 156.

21. Frumvarp til breytinga á lögum um þjóðskrá og almannaskráningu - 1112018SA

Lögð fram til kynningar athugasemd sambandsins, dags. 12. desember 2011, um frumvarp til breytinga á lögum um þjóðskrá og almannaskráningu - 363. mál, en frumvarpið hefur ekki verið sent sambandinu né sveitarfélögunum til umsagnar. Frumvarpið einnig lagt fram til kynningar.

Næsti fundur er ráðgerður föstudaginn 27. janúar 2012.

Fundi var slitið kl. 14:40.

Halldór Halldórsson

Dagur B. Eggertsson

Hanna Birna Kristjánsdóttir

Óttarr Ólafur Proppé

Gunnar Einarsson

Elín R. Líndal

Eiríkur Björn Björgvinsson

Gunnlaugur Stefánsson

Aldís Hafsteinsdóttir

Bjarni Harðarson

framkvæmdastjóri

ritari